

# KORNID

Fréttabréf Akurskóla • 7. árgangur • 1. tölublað • febrúar 2011

*Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús*



## VEL HEPPNUÐ ÞEMAVIKA Í JANÚAR

Að venju voru þemadagar í janúar. Nemendur í 1. bekk voru með Þorraþema í samstarfi við leikskólana í hverfinu. Það er ansi stór hópur eða um 110 börn sem skipt var niður í sex hópa og hver hópur fór á ákveðna stöð. Á þessum stöðvum var mjög fjölbreytt og skemmtileg vinna í boði t.d. var rúgbrauðsbakstur, smjörgerð og sviðasultugerð á Holti og börnin sem fóru á Akur skoðuðu gamla muni og leikföng og fengu auðvitað líka að leika sér. Síðan var farið í heimsókn á Byggðasafnið og farið í ratleik. Stekkjarkot var heimsótt en þar var drukkið heitt kakó og hlustað á sögu. Í Akurskóla fræddust börnin um þorramatinn, spiluðu þorrabíngó og léku sér. Einnig þæfðu börnin öskupoka, fengu málshátt og settu í pokann sinn. Þau sungu líka og hlustuðu á söguna um „Drekann sem

býr í fjörunni.“ Þorraþemað endaði á Akri þar sem uppskeruhátíðin var haldin með söng og smökkun á rúgbrauði með smjöri og dásamlegri sviðasultu.

Yfirskrift þemavikunnar hjá 2. – 10. bekk var Háttvísi og kurteisi en markmiðið var að vekja nemendur til umhugsunar um almennar samskipta- og umgengnisvenjur. Hvert kennarateymi undirbjó og skipulagði verkefni og uppákomur sem hentaði hverjum árgangi. Í 2. og 3. bekk var unnið út frá persónunni Línu langsokk og hennar hegðun og samskiptavenjur ígrundaðar. Lesið var um Línu og horft á mynd um hana. Síðan bjuggu nemendur til sól og á geislum sólarinnar má sjá túlkun þeirra á hugtökunum kurteisi, háttvísi og mannasiðir. Nemendur í 4. og 5. bekk bjuggu til hugtakakort sem



**Bergþór Pálsson heimsótti Akurskóla í þemavikunni.**

sýndi hugtök sem tengjast jákvæðri og neikvæðri hegðun og skrifuðu handrit að stuttmynd, leikriti eða teiknimyndasögu um háttvísi og kurteisi sem þau útfærðu svo sjálf. Hjá eldri bekkjum var kveikjan heimsókn Bergþórs Pálssonar sem fræddi unglíngana um háttvísi, góða borðsiði og fleira. Bergþór fór á kostum og voru krakkarnir afar ánægðir með heimsóknina. Nemendur máttu síðan velja um ljósmyndamarapón, veggspjaldagerð eða

kvikmyndasmiðju.

Þeir máttu koma með myndavélar að heiman og fartölvur ef þeir vildu nýta myndvinnsluforrit sem til voru í skólanum. Sköpunargáfa og hugmyndaauðgi nemenda naut sín og þeir komu verulega á óvart. Til að gera langa sögu stutta þá fóru nemendur um víðan völl í Reykjanesbæ. Hvert sem þeir fóru var tekið vel á móti þeim. Verslunarfólk og starfsfólk á hóteli hér í bæ hjálpuðu þeim að vinna verkefnið vel úr hendi. Við kennarar viljum þakka þeim fullorðnu einstaklingum sem urðu á vegi þeirra kærlega fyrir liðlegheitin og hjálpinu. Verkefnið sem við fengum í hús voru fjölbreytt, skemmtileg og vel unnin. Nemendur dagsins í dag eru hæfileikaríkir, áræðnir og metnaðarfullir. Þeir kunna að nýta sér tæknina og skila verkefnum fljótt og vel.



Jónína Ágústsdóttir skólastjóri skrifar

# Samstarf til árangurs

Í vetur hafa kennarar Akurskóla notið leiðsagnar og ráðgjafar Ingvars Sigurgeirssonar prófessors frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands við að ýta úr vör þróunarverkefninu „Samstarf til árangurs.“ Meginmarkmið verkefnisins er að tengja námsumhverfi og kennslufyrirkomulag við hugmyndafræði um opinn skóla og einstaklingsmiðað nám.

Kennarateymi hafa sett fram markmið og leiðir. Í hverju kennarateymi eru þrír til fimm kennarar og eru þau bundin við aldurstig nemenda. Einn kennari í hverju teymi hefur tekið að sér leiðtogahlutverk m.a. til þess að fylgja þróunarverkefninu eftir. Þessir leiðtogar funda reglulega með stjórnendum og ráðgjafa til þess að upplýsa aðra um framgang verkefnisins og til að heyra góðar hugmyndir frá öðrum teyimum. Það má sjá fjölmargar jákvæðar breytingar á kennslurýmum frá því í haust og teljum við okkur vera á góðri leið að gera námsumhverfið líflegra og meira aðlaðandi fyrir nemendur. Í flestum kennslurýmum má sjá skiptingu rýmisins í mismunandi vinnusvæði.

Nokkrir nemendur úr hverju kennslurými voru teknir tali og beðnir um að nefna jákvæðar breytingar á kennslurými þeirra samanborðið við síðasta skólaár. Það sem nemendur nefndu um skipulag kennslurýmisins var að það væri flott, það væri þægilegt að koma inn og uppröðun á borðum væri góð. Að það væri þægilegt að vinna í kennslurýminu og það ríkti vinnufriður. Að það væri best að vinna á vinnuborði en þegar þeir væru í samvinnu við aðra nemendur eða vildu meira næði væri gott að geta farið að hringborði og unnið þar. Nemendur voru einnig sérstaklega ánægðir með heimakrókana þar sem þá var að finna og sófar eru nauðsynlegir í kennslurými að mati nemendanna því það væri gott að fá að sitja í sófanum og lesa og þurfa ekki alltaf að sitja á stólum. Þegar þættir er tengjast námi nemenda



Ingvar Sigurgeirsson.

og kennslufyrirkomulagi eru dregnir saman kemur fram að nemendur eru ánægðir með valhópa og einnig finnst þeim gott þegar þeim er skipt í hópa eins og stærðfræðihópa. Þeim finnst gott að setja sér markmið og hengja þau upp á vegg. Nemendur nefndu einnig að það væri þægilegt að hefja skólalaginn á því að lesa á morgnana í upphafi skóladags.

Þegar nemendur voru spurðir um hvað mætti gera betur sögðu þeir m.a. að það mætti hafa fleiri skápa inni í rýminu en alls ekki vegg. Þó það hafi komið skýrt fram að nemendur vildu ekki heila vegg til þess að skipta kennslurýminu í kennslustofur kom fram hjá nemendum á unglingsstigi að þeir vildu hafa rennihurðir sem hægt væri að opna alveg upp á gátt og loka þegar það hentaði. Nemendur á unglingsstigi komu einnig með fjölmargar hugmyndir um uppröðun borða og sýndist sitt hverjum. Þeir voru þó sammála um að það þyrfti að ríkja ákveðið skipulag á röðun borða og fannst slæmt þegar nemendur fengu að færa borðin til þannig að það væri erfitt að ganga um rýmið. Það kom einnig fram hjá nemendum á yngsta stigi að þeir vildu fá að skiptast á heimakrók því í einum væri sófi og það væri ósanngarnt að þeir fengu aldrei að sitja í þeim heimakrók þegar kennarinn læsi fyrir þá. Nemendur í 8. og 9. bekk sögðu að vinnufriðurinn væri ekki nógu góður. Gott væri ef allir nemendur leggðu sitt fram til þess að bæta það í framtíðinni.

Við viljum þakka nemendum fyrir góð ráð og ábendingar og munu kennarar nýta sér þessar mikilvægu upplýsingar við framvindu þróunarstarfsins.



Díana tónlistarkennari stýrir samsöngnum skemmtilega.

## Samsöngur í Akurskóla

Sú skemmtilega hefð hefur skapast í Akurskóla að boðið er upp á samsöng á sal fyrir 1. til 7. bekk aðra hverja viku. Þá eru íslensk lög sungin hárrí raustu og stundum má heyra nemendur spreyta sig á þekktum erlendum dægurlögum. Díana Lind Monzon tónlistarkennari hefur veg og vanda af samsöngnum og óhætt er að segja að hún eigi hug og hjarta nemenda. Tímarnir eru vel undirbúnir, texta er varpað á skjá svo allir geti sungið með. Díana leikur undir á gítar og skýrir einnig textann fyrir nemendum sem fyrir vikið ná að lifa sig enn betur inn í sönginn. Samsöngur á sal er vinsæll hjá nemendum og hlakkar alla til þessa stundar.



## Byrjendalæsi í Akurskóla

Þetta skólaár er fjórða árið sem Akurskóli styðst við kennsluáðferðir Byrjendalæsis við lestrarkennslu 1.-3. bekkja. Það byrjaði sem þróunarverkefni á vegum Skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri haustið 2007. Með Byrjendalæsi er lögð áhersla á að nemendur læri að lesa út frá merkingarbærum textum þar sem jöfnum höndum er lögð áhersla á talmál og reynslu barnanna og textavinnu, samband stafs og hljóðs, sundurgreinandi og samtengjandi áðferðir. Jafnframt er lögð áhersla á aukinn orðaforða, lesskilning og ritun. Vinnubrögðin kalla á samvinnu nemenda og hafa krakkarnir gaman af.

Um þessar mundir eru sex kennarar að mennta sig í Byrjendalæsi, fjórir eru á 1. ári og tveir á seinna árinu en Byrjendalæsisnám tekur í allt 2 ár. Námið felst í námskeiði í upphafi skólárs, fjórum námskeiðum/fundum með kennurum frá öðrum Byrjendalæsissskólum á skólaárinu, nokkrum vettvangsheimóknum þar sem leiðtogi skólans fylgist með kennslu og í kjölfar heimsóknanna setjast kennari og leiðtogi niður og ræða kennsluna.



Birna Ósk Óskarsdóttir  
umsjónarmaður Akurskjóls skrifar

## Akurskjól

Í frístundarskólanum Akurskjóli eru um 50 börn og sjá fjórir starfsmenn um umönnun þeirra. Birna Ósk Óskarsdóttir er umsjónamaður.

Það er mjög fjölbreytt starf í frístundarskólanum. Við erum með hópastarf 1 - 2 sinnum í viku þar sem boðið er upp á leiklist, bakstur, útiveru, leiki, listasmiðju, vettvangsferðir, lestur og hlusta á sögu, spil og púsl, textíl, verkefnið um eyjuna okkar og margt fleira.

Við leggjum mikla áherslu á að rödd barnanna heyrist og miðum viðfangsefnin við áhugasvið þeirra.

Við erum svo heppin að fá afnot af Íþróttahúsinu í Akurskóla einu sinni í viku og er það mjög vinsælt en þar erum við með stöðvavinnu, leiki, Tarsanleik og fleira. Börnin hafa mjög gaman af því að fara í Íþróttasalinn og eru oft mikil fagnaðarlæti þegar við erum á leiðinni þangað. Bókasafnið er einnig mikið notað enda mikill fjarsjóður sem leynist þar.

Við erum með val flest alla daga hvort sem er fyrir eða eftir útivist, Íþróttahús eða hópastarf. Þá setjum við valmiða upp á töflu og velja börnin sér með því að setja nafnið sitt undir. Valið er misjafnt eftir dögum, t.d. kubbar, bílar, lego, dúkkur, búðaleikur, leiklist, tölvur, bókasafn, teikning og lita, leynidótakassi, spil og púsl, perla, lestur og útivera.

Miðvikudagar eru ávaxta- og heilsudagar hjá okkur en þá reynum við að vera eins mikið úti og hægt er og einungis er boðið upp á ávexti og grænmeti sem síðdegishressingu. Börnin fá þá að smakka alls konar ávexti og grænmeti og hefur það mælst mjög vel fyrir.

Á föstudögum erum við með allt öðruvísi daga en þá gerum við eitthvað sem ekki er í boði aðra daga, eins og t.d. diskó, náttfatapartý, búningadag, dótadag, bío, tölvur, andlitsmálingu og margt fleira. Þá fá börnin líka eftirrét í kaffitímanum og finnst þeim það alveg ótrúlega skemmtilegt og biða spennt eftir föstudögum.

Við í frístundarskólanum erum dugleg að endurnýta og höfum verið að safna í búðina okkar umbúðum af mat og krukum og fleiru nytjanlegu. Við höfum líka verið heppin að fólk hefur gefið okkur leikföng sem ekki eru lengur í notkun. Þannig að ef þið eruð með eitthvað sem þið mynduð vilja losna við þá viljum við endilega taka við því.

Heimasíðu Akurskjóls er að finna á akurskoli.is. Unnið er að uppfærslu síðunnar en þar verður hægt að skoða myndir og lesa fréttir af starfinu í frístundaskólanum.





## Leikritið NÓ DRAMA

Nemendur á unglíngastigi sýndu frumsamið leikrit sem fékk heitið NÓ Drama við góðar undirtektir áhorfenda í upphafi þorra. Nemendur sýndu verkið þrisvar sinnum en tvær sýningar voru til styrktar forvarnarverkefninu „Flott án fíknar.“ Ágóðinn verður notaður í óvissuferð sem áætlað er að fara í vor með nemendum.

Leikritið fjallar um stúlku sem þarf að finna hinu réttu leið í lífinu og standast ýmsar freistingar sem á vegi hennar verða. Á táknrænan hátt umbreyttu nemendur ýmsum freistingum úr barnabókmenntum í hindranir sem



unglingar nútímans mæta á lífsleiðinni. Leikstjóri verksins var Gunnella Hólmarsdóttir en hún er nemi í leiklist í Film teaterskolen Holberg í Kaupmannahöfn.

Eins og sjá má á myndunum var mikið fjör á sýningunum. Nemendur lögðu mikla vinnu í verkið og óskum við þeim til hamingju með glæsilegt verk. Nemendur voru spurðir um hvað þeim fannst eftirminnilegast við þessa vinnu. Eins og dæmin sýna voru þeir allir sammála um að þetta hafi verið frábær tími og er von þeirra að uppsetning leikrita verði ársviðburður í skólstarfi Akurskóla.



## Endurvinnsla og moltugerð

Vorið 2010 ákvað umhverfisnefnd Akurskóla að efla enn frekar endurvinnslu í skólanum. Allir bekkir frá 1. til 5. bekk fengu fötur til að setja í afganga af ávöxtum og grænmeti eftir nestistíma. Nemendur tæmdu föturnar síðan reglulega í moltukassa sem staðsettir eru bak við skólann. Í haust hefur verið fylgst vel með fötum bekkjanna og nemendur hafa staðið sig mjög vel í umgengni og notkun þeirra. Þó hafa einkum þrír bekkir verið öðrum til fyrirmyndar og voru þessum bekkjum veittar viðurkenningar og ávaxtabakkar 2. febrúar sl. Áfram verður fylgst með fötum bekkjanna og vonumst við til að geta veitt fleiri viðurkenningar í vor.

Ummæli krakkanna sem tóku þátt í sýningunni NÓ DRAMA:

„Öll stemningin í kringum leikritið, vera með vinunum og læra að dansa og koma fram á sviði. Ég ætla pottþétt að taka þátt aftur!!“

„Bara allt!! og kennarinn var frábær! Ég lærði að vinna í hóp, um vináttu og fékk meira sjálfstraust.“

„Fannst gaman að leika með öðrum, lærði að tala skýrt og frábært að geta styrkt Flott án fíknar.“

„Félagsskapurinn frábær, sýningarnar frábærar, Gunnella og bara allt æðislegt!!“



„Mér fannst allt mjög skemmtilegt. Ég lærði að vinna í hóp og ég ætla sko að taka þátt næst ef það verður aftur sýning.“

„Mér fannst dansarnir skemmtilegir og svo var ég að fíla það að leika íþróttaálfinn. Lærði að vera ekki feimin og tala hátt. Lærði að búa til skemmtilegt leikrit. Ætla örugglega að vera með aftur!!“

„Fannst lokadansinn skemmtilegur og er orðin öruggari með mig.“

„Frábært að vinna með krökkunum og taka þátt í leikritinu. Lærði að bæta mig í samskiptum við krakkana og að það er hægt að leysa öll vandamál með viljann að vopni. Ætla sko örugglega að taka þátt aftur!!“



## Sundlaugarparty hjá Kjóum og Hnísum

Það var líf og fjör í sundlaugarpartýinu sem Kjóar og Hnísur héldu saman 4. febrúar sl. Krakkarnir mættu með vatnsbyssur og vindsængur og sundknattleikur var leikinn af miklu kappi. Allir skemmtu sér vel um leið og vinabönd voru eflað milli bekkjanna tveggja.

Þessir þrír bekkir voru öðrum til fyrirmyndar í moltugerðinni




Háhyrningar í 4.-5. bekk



Fölöld í 2.-3. bekk



Kálfar í 2.-3. bekk.



Nemendur í 2.-3. bekk vinna saman verkefni um árstíðirnar í smíði, myndmennt og textíl og sjást nokkur þeirra hér að ofan.

## Hönnun og smíði

Megin þorri námsgreina í grunnskóla byggir á bóklegri nálgun en handverk er þó einnig að finna í námskrá nemenda. Má þar nefna hönnun og smíði þar sem nemendur spreyta sig á smíðaverkefnum sem reyna á verklagn og skapandi starf. Farið er m.a. yfir grunnþætti efnismeðferðar, notkun handverkfæra og ábyrgð og umgengni á verkstæði. Reynt er eftir fremsta megni að gera nemendur sjálfstæða í vinnubrögðum, efla verkfærni þeirra og skilning á handverki og þeir hvattir til að tileinka sér vönduð vinnubrögð.

Akurskóli býr yfir afar góðri aðstöðu fyrir smíðakennslu. Kennslurýmið er stórt og bjart og er vel búíð verkfærum. Verkefnin sem nemendur vinna eru áhugaverð og fjölbreytt og ná vel að fanga sköpunargleði krakkanna. Mikil og góð samvinna er meðal sérgreinakennaranna með það fyrir augum að velja verkefni sem vinna má með samþættingu smíði, textíl og myndlist. Hefur það mælst einkar vel fyrir og afraksturinn lofar góðu. Meðal verkefna má nefna að nemendur í 2. og 3. bekk smíðuðu myndaramma og lærðu þá að nota bakkasög, skerstock og vinkil. Síðan gerðu þau mynd í myndlistartíma og saumuðu mynd í textíltíma sem sett var í rammann sem hægt er að snúa á tvo vegu, hvort sem teiknuð eða saumuð mynd er látin njóta sín. Krakkarnir í 4. og 5. bekk eru að búa til skordýr (bjöllu) þar sem þau læra að tengja mótör, rofa og rafhlöðubox. Þau læra einnig um hjámiðju við uppsetningu á skífu á öxli



mótorsins. Þegar það er allt tilbúið fara þau í textíltíma og búa til búkinn á bjölluna. Nemendur í 6. og 7. bekk eru að smíða lampa og útbúa síðan skerminn á hann í textíl- eða myndlistartíma. Í 8. bekk eru nemendur að búa til gestabók sem sumir ætla að nota í fermingunni sinni í vor en aðrir ætla að nota hana undir eigin teikningar eða ljóð.

Handverk af öllu tagi er ávallt vinsælt í grunnskólum. Þar fá nemendur tækfæri til að reyna á og efla hæfni sína í verklegri kunnáttu þar sem áhersla er lögð á sjálfstæði, hönnun og sköpun. Án efa mun sú hagnýta þekking reynast öllum vel til frambúðar.




## Góð þátttaka í jólamyndasýningu

Nemendur í Akurskóla voru duglegir að senda inn myndir í myndlistarsýninguna **Jólin og ég** sem haldin var á göngum skólans dagana 7. - 20. desember. Alls bárust um 450 myndir á sýninguna og voru veittar viðurkenningar í hverjum aldursflokki fyrir bestu úrvinnsluna og frumlegustu hugmyndina.



# Kósýkvöld hjá Kjóum

Fimmtudaginn 25. janúar var haldið kósýkvöld hjá gullmolunum í Kjóum. Yfirskrift kvöldsins var „Kósý og samvera.“ Allir mættu í „kósýfötum“ með nammi og gos og auðvitað frábæra skapið. Handboltaleikur á HM var settur í gang og horfðu nokkrir nemendur á hann. Við ákváðum að prufa nokkur februnarráð úr bókinni Handbók húsfréjunnar og fengu sumir náttúrulegan maska á andlitíð og enn aðrir fóru í hunangs- og gúrkufótabað sem var ótrúlega skemmtilegt. Mikið var hlegið og gaman var að sjá hversu skemmtilegt nemendum fannst. Kvöldið heppnaðist mjög vel, allir skemmtu sér konunglega og nemendur og kennari fóru heim með bros á vör.



*Líf og fjör í Akurskóla*



## Bætt aðstaða í unglingaálmnu

Unglingarnir okkar urðu heldur betur ánægðir þegar þeir mættu í skólann á nýju ári. Kennarar unnu í jólafríinu að því að útvega sófasett fyrir þá svo þeir hefðu betri aðstöðu í hádegi og í frímínútum. Sófasettin voru fengin gefins frá foreldrum og af Barnalandi. Auk sófasettanna fengu unglungarnir borð, hillur, bækur, blóm og spil gefins. Það ríkir mikil gleði í unglungaálmunni því loks hefur langþráður draumur ræst um betri aðstöðu og huggulegt lestrarhorn í kennslustundum. Nemendur og kennarar þakka þeim foreldrum sem lögðu hönd á plóginn, bæði fyrir gjafir sem og flutninga.

## Framundan í skólastarfinu hjá Akurskóla er m.a.

21. og 22. feb: **Gettu enn betur**

24. febrúar: **Starfsdagur**

25. febrúar: **Vetrarfrí**

1. mars: **Viðtöl vegna námsmats**

2. mars: **Gettu enn betur (Rnb)**

3. mars: **Stóra upplestrarkeppnin (Rnb)**

7. mars: **Akurpenninn, lokaskil**

16. mars: **Stærðfræðikeppni grunnskólanema**

25. mars: **Árshátíð Akurskóla**

6. apríl: **Litla upplestrarkeppnin**



Vetrarfjör í Akurskóla



## Lumar þú á bók?

Akurskóli hefur nú starfað í fimm ár. Skólastarfið gengur vel og stöðugt er hugað að bættum aðbúnaði, nýjum kennsluháttum og betra námsefni. Bókasafn skólans eflist og dafnar með hverjum deginum en betur má ef duga skal. Því biðlum við nú til foreldra/forráðamanna og annara velunnara Akurskóla um aðstoð við að auka bókakost safnsins. Lumir þú á barna- og/ eða unglingabók sem myndi sóma sér vel á bóksafninu okkar þá væri hún mjög vel þegin. Lestur og lesskilningur barna og unglinga skipar stóran sess í

námskrá og er afar mikilvægur þáttur í námi allra nemenda. Öflugt bókasafn er lykilþáttur í því að auka lestrarfærni og áhuga nemenda á bókmenntum og lestri.



## KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir  
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir  
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson

[www.akurskoli.is](http://www.akurskoli.is)

Sendið okkur efnishugmyndir eða myndir á: [gudny.adalsteinsdottir@akurskoli.is](mailto:gudny.adalsteinsdottir@akurskoli.is)



Ég heiti **Herborg Puriðardóttir** og hef verið kennari hér við skólann frá því haustið 2005, eða frá stofnun hans. Til mín koma litlir nemendahópar í sérkennslu og æfa sig í t.d. lestri og stærðfræði og ég hef kynnst alveg fullt af frábærum krökkum á öllum aldri.

Ég er fædd og uppalin í Reykjavík, nánar tiltekið í Fossvoginum. Ég gekk í Fossvogsskóla sem var fyrsti opni skólinn hér á landi og þaðan á ég margar góðar minningar. Fimleikar og dans voru aðaláhugamálin mín og Abba uppáhalds hljómsveitin. Svo átti ég silfurlitað DBS 10 gíra reiðhjól sem í þá daga var jafn nauðsynlegur fylgihlutur og Ipodinn er í dag.

Núna heitir hjólið Kawasaki og er örlítið öflugra og ég reyni að nota það eins mikið og ég get á sumrin.

Ég á mann, fjögur börn, einn ömmustrák og tvö stjúpbörn. Áhugamálin í dag eru, fyrir utan mótörhjól, ferðalög, súkkulaði, lestur góðra bóka og já ég hef líka brennandi áhuga á líkamsrækt hvers konar og er alltaf á leiðinni í ræktina.

Að lokum vil ég segja að allir í Akurskóla eru flottir og frábærir hver á sinn hátt og við skulum öll muna að koma fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur.